



Fréttabréf Brekkuskóla

1. mars 2016
4. tbl. skólaárið 2015 - 2016
Ábyrgðarmenn: Stjórnendur

Ágæta skólasamfélag

Skólastarfið heldur áfram sinn vanagang og birtan minnir okkur á að vorið er skammt undan. Það er margvísleg spennandi framundan í marsmánuði hjá okkur í skólanum og má þar fyrst nefna Stóru upplestrarkeppnina þegar við höldum uppskeruhátíð hér á sal skólans. Markmið upplestrarkeppni í 7. bekk grunnskóla er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Keppnin sjálf er í rauninni aukaatriði og forðast skyldi að einblína á sigur. Mestu skiptir að leggja markvissa rækt við vandaðan upplestur og framburð og að allir nemendur fái að lesa upp, sjálfum sér og öðrum til ánægju. Stefnt er að því að allur upplestur í tengslum við keppnina sé fremur í ætt við hátíð en keppni. Þess má geta að 4. bekkur tekur þátt í Litlu upplestrarkeppninni og stefnir á að halda sína hátíð í apríl.

Morgunmóttökurnar fara í gang að nýju og svo ætlum við að skreppa úr útivist strax í þessari viku þar sem allur skólinn mun mæta í brekkur Hlíðarfjalls og njóta útiveru og félagskapar.

Með kveðju úr skólanum!



Útivistardagur í Hlíðarfjalli

Nemendur mæta í stofur klukkan 8 samkvæmt stundaskrá þar sem merkt verður við þá.

Úbúnaður: Skíði, bretti, hjálmar, snjóþotur, þoturassar, svartir plastpokar og sleðar eru leyfðir til fararinnar.



6. FRF dansaði í Ketilhúsinu



6. bekkur tók þátt í dansbyltingu í Ketilhúsinu, í boði UN Women á Íslandi. Eins og sjá má á þessum myndum skemmtu nemendur sér vel, þrátt fyrir alvarlegt málefni sem á erindi til okkar allra.

Aldrei hafa fleiri konur verið á flóttu frá því við lok seinni heimstyrjaldar.

Í ár var dansinn tileinkaður konum á flóttu sem leggja líf sitt að veði í leit að öruggara lífi fyrir sig og börn sín.



Byltingin er haldin um allan heim og með samtakamætti lætur heimsbyggðin til sín taka. Yfir milljarður karlanna, kvenna og barna kemur saman til að dansa fyrir réttlæti, fyrir heimi þar sem allir fá að njóta sömu tækifæra. Okkar trú er sú að það sem sameinar okkur er sterkara en það sem sundrar okkur.



Brekkuskóli

v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

MENNTAMÁLASTOFNUN

Breytt fyrirkomulag samræmdra prófa í grunnskólum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur ákveðið að breyta fyrirkomulagi lögbundinna samræmdra könnunarprófa í grunnskólum. Breytingin er tvenns konar. Í fyrsta lagi hefur verið ákveðið að öll samræmd könnunarpróf verði lögð fyrir með rafrænum hætti frá og með haustinu 2016. Í öðru lagi hefur verið ákveðið að samræmd könnunarpróf sem undanfarin ár hafa verið haldin að hausti í 10. bekk færast til vors í 9. bekk. Því verður ekkert próf haldið í 10. bekk haustið 2016 en þeir sem verða í 10. bekk á næsta skólaári munu þreyta próf vorið 2017 á sama tíma 9. bekkjar.

Með því að gera prófin rafræn gefst kostur á fjölbreyttari leiðum við að prófa markmið skólastarfs, stytta vinnslutíma miðlægra prófa, bjóða upp á sveigjanleika í fyrirlögn, auðvelda stuðningsúrræði fyrir nemendur með sérþarfir og gefa kost á að laga próffyrirlögn að hæfni nemenda. Með því að færa 10. bekkjar könnunarprófið í 9. bekk gefst nemendum, forráðamönnum þeirra og kennurum meira svigrúm til þess að nýta sér niðurstöðurnar til að bregðast við og móta áherslur í námi í 10. bekk.

Jafnframt þessum breytingum gerir Menntamálastofnun könnunarprófin hæfnimiðaðri í takt við áherslur í aðalnámskrá grunnskóla frá 2013. Miðað er við að áfram verði tvö könnunarpróf í 4. og 7. bekk, þ.e. í íslensku og stærðfræði. Í 10. bekk verður metin hæfni í íslensku, stærðfræði og ensku.


Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Viðburðadagatal og matseðill - mars 2016

		1 Kjötbollur, kál, grænmeti og ávextir.	2 Steiktur fiskur, kartöflur, salat og ávextir.	3 Útivistardagur Steiktur kjúklingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	4 Skr, brauð, álegg og ávextir.	5
6	7 Steiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	8 Hakkbollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	9 Ofnbökuð ýsa, kartöflur, sósa, salat og ávextir. Upplstrarhátíð í 7.bekk	10 Lambapottréttur, kartöflumús, grænmeti og ávextir.	11 Pastaréttur, brauð, salat og ávextir.	12
13	14 Ofnakaður fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	15 Heitt slátur, kartöflur, sósa, grænmeti og ávextir.	16 Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir.	17 Grænmetisbuff, sósa, salat og ávextir.	18 Grjónagrautur, slátur og ávextir.	19
20	21 Páskafri	22 Páskafri	23 Páskafri	24 Páskafri	25 Páskafri	26
27	28 Páskafri	29 Starfsdagur	30 Tortilla, grænmeti, sósa og ávextir.	31 Góllas, kartöflur, grænmeti og salat.	Hafragrautur alla morgna frá klukkan 07.45-07.55 	

Morgunmóttökur á vorönn Brekkuskóla:

- 16. febrúar 9. og 10. bekkur
- 8. mars 4. bekkur
- 11. mars 1. bekkur í stofu
- 11. mars 6. bekkur í matsal
- 16. mars 2. bekkur í matsal
- 16. mars 8. bekkur í stofu
- 6. apríl 5. bekkur í matsal
- 8. apríl 3. bekkur í matsal
- 13. apríl 7. bekkur í matsal

Í morgunmóttökum er foreldrum sérstaklega boðið að koma í skólann við óformlegar aðstæður, hitta aðra foreldra, starfsfólk og nemendur. Kennarar eru hvattir til að nýta morgunmóttökur til að koma á framfæri verkum nemenda með einum eða öðrum hætti.

Brauðbollur og kaffi er selt þessa morgna. Ágóðinn rennur í ferðasjóð hjá 6. og 10. bekk.

